

Ólöf Kristín Daníelsdóttir

Frá: Fjallabyggð
Sent: miðvikudagur, 27. október 2021 12:05
Til: Fjallabyggð
Efni: FS: Leigusamningur

One: -1

Frá: Veidifélag Olafsfa
Sent: miðvikudagur, 20. október 2021 22:45
Til: Fjallabyggð

Ágæti félagsmaður

Ólafsfirði 20.10.21

Samkv núverandi leigusamningu við Stangveiðifélagið Fluguna þarf að segja samningum upp fyrir 01.11.21 ef uppsögn á að gildi fyrir árið 2022

Aðili hafði sambandi við okkur í stjórn Veidifélags Ólafsfjarðar og kynnti okkur tillögur sínar í sambandi við veiði og fyrirkomulag. Okkur líst mjög vel á þær og teljum fulla ástæðu til að segja upp núverandi leigusamningi og auglýsa ána til leigu að nýju.

Eins og fram kemur í 8. gr Samþykktu Veidifélags Ólafsfjarðar þarf að boða til félagsfundar með 10. daga fyrirvara. Til að við getum sagt upp samningum fyrir 01.11.21 og of skammur tími er til að boða fund óskum við eftir því að þið svarið þessum tölvupósti eigi síða er þriðjudaginn 25.10.21 og segið ykkar hug til þessa máls og einnig ef þið teljið meinbug á framkvæmd þessarri.

Að sjálfsögu verður farið með svör í tölvupóstinum sem trúnaðarmál.

Virðingarfyllst

Þorvaldur Hreinsson

formaður

8. gr. samþykkt Veiðif. Ólafsfjarðar 31.08.19

„Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Annars er heimilt að boða með sannanlegum hætti t.d. tölvupósti. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og skal þá boða til annars fundar. Á þeim fundi þarf samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur falla á jöfnum atkvæðum.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá eitt prósent í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Sjá hér neðar

Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

Þeir einir hafa atkvæðarétt og málfrelsi á fundum félagsins sem eru félagsmenn eða fulltrúar þeirra.

Félagsmönnum er skylt að koma upplýsingum til stjórnar um fulltrúa sína (umboð), bankaupplýsingar og tölvupóstfangi. Þannig umboð gildir þar til nýtt kemur eða það fellt úr gildi.

Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.“

7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði

40. gr. Atkvæðisréttur í veiðifélagi.

7. málsgrein „Ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Í samþykktum veiðifélags er heimilt að ákveða að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilgreindum tilvikum sem varða ákvarðanatöku í veiðifélagi.“